



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

febrúar 2026

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í nóvember sl. Góðar stundir!

Samræðuvettvangur

Í nokkurn tíma hefur gerjast sú hugmynd að aðilar hér í bænum sem vinna að menningarsögulegum verkefnum hafi með sér vettvang til að ræða saman og kveikja hugmyndir og var ákveðið í nóvember sl. að koma slíkum vettvangi á fót. Samstarfsaðilarnir eru AkureyrarAkademían, Amtsbókasafnið, Arfur Akureyrarbæjar, Héraðsskjalasafnið, Minjasafnið, Sögufélag Eyfirðinga og ritnefnd tímaritsins *Súlur* sem Sögufélagið gefur út. Fundir eru haldnir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði í hádeginu á kaffiteríunni á Amtsbókasafninu.

Fimmtudagsfyrirlestrar

Þessar vikurnar standa yfir fjölbreyttir fyrirlestrar um sagnfræði fyrir almenning undir yfirskriftinni *Fortíðin í nýju ljósi* í samstarfi Minjasafnsins á Akureyri, AkureyrarAkademíunnar og Sagnfræðingafélags Íslands. Fyrirlestrarnir fara fram á [Minjasafninu](#) á fimmtudögum kl. 17:00, og er aðgangur ókeypis. Í mars verður boðið upp á þrjá fyrirlestra um þessi efni:

- **5. mars.** Ragnhildur Björt Björnsdóttir, sagnfræðingur: Ilmur, angan og fnykur: Ýmis lykt í íslenskum heimildum frá 19. og 20. öld.
- **12. mars.** Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur: Strá fyrir straumi. Ævi Sigríðar Pálsdóttur (1809-1871) og brotakenndar heimildir.
- **19. mars.** Kjartan Ísleifsson, sagnfræðingur: Skreytingar í handritum síðari alda og þáttur af einum norðlenskum listaskrifara.

Menningarsjóður Akureyrarbæjar

Það er ánægjulegt að segja frá því að fyrir nokkru samþykkti bæjarráð Akureyrar umsókn AkAk um styrk úr Menningarsjóði Akureyrarbæjar til að halda áfram að bjóða íbúum hjúkrunarheimilanna upp á fræðandi fyrirlestra á þessu ári sem eru jafnframt opnir öðrum bæjarbúum. Við þökkum kærlega fyrir veittan stuðning. Um er að ræða fjóra fyrirlestra sem verða haldnir í apríl og maí og því næst í september og október. Nánari upplýsingar um viðburðina koma síðar.

